

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Krossanesi



Dags eftirlits	8.10.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Jónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannsson	Staðsetning	540523,65 578809,711

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Tvær athugasemdir voru gerðar við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi og skoðaðar voru skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni. Skráningar reyndust í góðu lagi. Teikningar af breytingum á fyrirkomulagi geyma barst stofnuninni í febrúar sl.

Nýjum geymi hefur verið bætt í stöðina (T1105) og hefur hann verið botnþykktarmældur. Geymirinn var áður á Ólafsfirði. Gamlar merkingar (geymir nr. 3) eru enn á geyminum og stangast það á við merkingar á teikningum (geymir nr. 14) sem stofnunin samþykkti fyrr á árinu. Fastanúmer T1105 var komið á geyminn.

Allir geymar í stöðinni sem notaðir eru undir olíur hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum og þrýstiprófanir lagna skulu fara fram á yfirstandandi ári.

Bensín er geymt í olíubrigðarstöðinni og því er þar gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensíngufur. Hendrik Hansen, fulltrúi Aker Solutions kom í júlí í árlega yfirferð á gufuendurnýtingarbúnaði stöðvarinnar. Búnaðurinn hafði verið lítt starfhæfur fyrir komu sérfræðingsins og því hefði Olíudreifing ehf. átt að tilkynna um aukna sleppingu á bensíngufum ekki ósvipað og þegar olíuskilja virkar ekki sem skyldi og olía í frárennsli stöðvarinnar fer yfir tilskilin mörk. Eftir viðgerðir í júlí hefur búnaðurinn verið til friðs, þó að búast megi við vandamálum sem tengjast vetrarkulda á Akureyri. Hugleiða þarf hvort ekki þurfi að byggja yfir mótör og vacuumdælu til þess að komast hjá þessum vandamálum sem tengjast frosti.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplan. Lokar stöðu lokaðir eins og tilskilið er. Olíuskiljur eru þjónustaðar að jafnaði á mánaðarfresti. Greining á olíu í frárennsli þróa stöðst kröfur í reglugerð, en prófað var með Macherey-Nagel prófi.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Gamlar merkingar (geymir nr. 3) eru enn á nýja geyminum og stangast það á við merkingar á teikningum (geymir nr. 14) sem stofnunin samþykkti fyrr á árinu. Endurmerkja þarf geyminn.

Athugasemd 2:

Skrá þarf sleppingu bensíngufa og tilkynna ef þær fara yfir tilskilin mörk.

ANNAÐ

Þrýstiprófun lagna þarf að fara fram á þessu ári.

Reykjavík, 11.11.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.